

Fundargerð

11. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 19. ágúst 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Friðrik K. Jakobsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson verkefnisstjóri.

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir sat fyrsta lið fundarins en vék af fundi að honum loknum. Friðrik K. Jakobsson sat fundinn í hennar stað. Jóna Björg Hlökkversdóttir boðaði forföll. Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson sat fundinn í hennar stað.

Dagskrá:

1. Starfshópar - 1911021

Formenn starfshópa kynntu stöðu vinnu starfshópa.

Starfshóparnir eru allir vel á veg komnir með vinnuna og útlit er fyrir að þeir skili af sér fyrir 28. ágúst samkvæmt áætlun.

Þrjú fundir hafa verið haldnir í starfshópi um stjórnsýslu- og fjármál. Gert er ráð fyrir einum fundi í viðbót með ráðgjöfum um fjármál sameinaðs sveitarfélags.

Í starfshópi um eignir, veitur og B-hlutafyrirtæki liggja fyrir drög að minnisblaði og stefnt að lokafundi næstkomandi föstudag.

Í hópnum um menningu, tómstundir og íþróttamál liggja fyrir drög að minnisblaði sem hópurnir er að leggja lokahönd á. Hópurinn hefur velt upp hugmyndum um hvað er hægt að gera og hverjar áskoranir nýs sveitarfélags yrðu.

Í starfshópi um fræðslu- og félagsþjónustu hefur fjögurra manna hópur tekið að sér að ganga frá lokaútgáfu minnisblaðs sem unnið hefur verið að á fundum. Fleiri fundir eru ekki fyrirhugaðir en stefnt að því að senda skjalíð á milli fulltrúa.

Rætt um hlutverk hópanna og hversu langt þeir eiga að ganga í tillögugerð. Lagt er upp með að minnisblöðin lýsi stöðu og helstu áskorunum og hugmyndum að því hvernig megi mæta þeim. Hópunum er ekki ætlað að taka afstöðu í pólitískum álitæfnum.

2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Farið yfir stöðu verkefnisins. Rætt um möguleg áhrif samkomutakmarkana og ráðstafanir til að vekja eða viðhalda áhuga íbúa á verkefninu.

Rætt um úrvinnslu samstarfsnefndar á minnisblöðum starfshópanna og hvort og þá hvernig hægt væri að halda íbúafundi. Rætt um að hætt sé við að fólk veigri sér við að mæta á fjöldasamkomur vegna smithættu. Rætt um möguleika minni fundum, á rafrænum samskiptum, upplýsingamyndböndum og á að senda upplýsingaefni í

pósti. Mikilvægt er að íbúum gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, með spjallsvæðum á Facebook eða á öðrum miðlum. Mikilvægt er að nýta sem flestar leiðir til að ná til sem flestra íbúa og tryggja að upplýsingar um vinnu nefndarinnar komist til skila.

Ráðgjöfum falið að taka saman minnisblað um þá möguleika sem fyrir hendi eru til að koma málefninu í umræðu. Sett verður tilkynning um framgang verkefnisins og stöðu á vinnu starfshópanna á vef verkefnisins.

3. Nýsköpun í norðri - 1909032

Sveinn Margeirsson kynnti stöðu verkefnisins.

Á vegum NÍN hefur í sumar verið unnið af krafti að framgangi aðgerða sem rýnihópar þróuðu á vordögum 2020. Þessar aðgerðir eru:

- 1: Rannsókn- og nýsköpunarklasi: Uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir*
- 2: Kolefnisbinding með skógrækt og landgræðsla með nýtingu heyfyrninga*
- 3: Sameiginlegt vörumerki og Bændamarkaður*
- 4: Uppbygging hringrásarhagkerfis í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi*
- 5: Greining auðlinda, mannauðs, innviða og regluverks*
- 6: Samstaða íbúa og samhangandi upplifun ferðamanna á öllu svæðinu*

Unnið er að umsókn um styrk úr markáætlun Vísinda- og tækniráðs og að því að fá samstarfsaðila til að koma að verkefnunum. Meðal annars er komið á samstarf við Listaháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Framhaldsskólann á Laugum. Fyrirhuguð er fundarröð í tengslum við verkefnið en vegna sóttvarna er beðið með að ákveða dagsetningar og fundarform.

Fundi slitið kl. 16:45.

Arnór Benónýsson

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Ragnildur Hólm Sigurðardóttir

Halldór Þorlákur Sigurðsson

Friðrik K. Jakobsson

Sigríður Hlynur Helguson
Snæbjörnsson
